

39

16. marz

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir einstakar stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

7. gr.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 200.00—1000.00 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð Siglufjarðar. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Siglufjarðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 53 12. júlí 1927, um lokun sölubúða í Siglufjarðarkaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. marz 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

40

16. marz

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Strandasýslu.

1. gr.

Í Strandasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær umbætur, sem að lögum hvila á sýslufélaginu, eftir því sem fé er veitt til vegagerðar á ári hverju.

2. gr.

Sýsluvegir eru:

Í Bæjarhreppi:

1. Laxárdalsvegur, af Strandavegi við Laxá fram Laxárdal.
2. Bakkaselsvegur, af Strandavegi hjá Bæ um Jónssel í Bakkasel.
3. Hrafnadalsvegur, af Strandavegi utan Ljótunnarstaða að Hrafnadal.

Í Óspakseyrarhreppi:

4. Þórustaðavegur, af Strandavegi við Bitrufjarðarbotn að Þórustöðum.
5. Snartartunguvegur, af Strandavegi við Tunguárbrú að Snartartungu.
6. Óspakseyrarvegur, af Strandavegi hjá Óspakseyri niður á Óspakseyrartanga.
7. Skriðnesennisvegur, af Strandavegi við Ennisbrú að Skriðnesenni.

Í Fellshreppi:

8. Þrúðardalsvegur, af Strandavegi hjá brú á Þrúðardalsá að Þrúðardal.
9. Ljufustaðavegur, af Strandavegi hjá Litla-Fjarðarhorni að Ljufustöðum.

Í Kirkjubólshreppi:

10. Smáhamravegur, af Strandavegi á Smáhamrahálsi að Smáhömrum.
11. Miðdalsvegur, af Strandavegi við Miðdalsá um Klúku, og Gestsstaði að Tindi.
12. Tröllatunguvegur, af Strandavegi við Húsavík að Tröllatungu.

Í Hólmavíkurhreppi:

13. Víðidalssárvegur, af Strandavegi hjá Hnitbjörgum að Víðidalssá.
14. Þiðriksvallavegur, af Strandavegi í Skeljavík um Þverárvirkjun, Vatnshorn að Þiðriksvöllum.
15. Kálfnanesvegur, af Strandavegi á Kálfnaneskeiði að Kálfnasi.

Í Hrófbergshreppi:

16. Staðarvegur, af Reykjafjarðarvegi við Staðarárbrú um Stað að Hólum.
17. Selárdalsvegur, af Reykjafjarðarvegi við Selárbrú um Geirmundarstaði að Gilsstöðum.

Í Kaldrananeshreppi:

18. Sandnesvegur, af Selstrandarvegi að Sandnesi.
19. Kleifavegur, af Selstrandarvegi að Kleifum.
20. Bjarnarnesvegur, af Selstrandarvegi á Bjarnarnesmýrum að Bjarnarnesi.
21. Sunnudalsvegur, af Reykjafjarðarvegi við Skarð að Sunnudal.
22. Svanshólsvegur, af Reykjafjarðarvegi á Svanshólsflóa um Svanshól að Goðdal.
23. Hafnarvegur, af Kaldrananesvegi að Kaldrananeshöfn.

Í Árneshreppi:

24. Flugvallarvegur, af Gjögurvegi að flugvelli á Gjögurmelum.
25. Víknavegur, af Gjögurvegi að Litlu-Ávík og Stóru-Ávík.
26. Fellsvegur, af Reykjafjarðarvegi í Norðurfirði um Krossnes að Felli.
27. Munaðarnesvegur, af Reykjafjarðarvegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.
28. Drangavegur, af Reykjafjarðarvegi í Ófeigsfirði að Dröngum.

Sýsluvegur nær ekki nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarða eða býlis.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kaптúnum.

Þó er hreppsfélögum heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi og tilkynning kemur þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl. Sýslunefndin ákveður fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera. Má hann þó ekki vera lægri en 2% og ekki hærri en 12% af landverði samkvæmt fasteignamati og hálfu minni af húsaverði. Skatturinn er miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarin ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til kemur, samkvæmt gildandi lögum.

Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánnum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerðar innan hrepps á því ári að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefur til umráða það ár og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

40

16. marz

Nú er lagður akvegur gegnum hreppinn eða aðallega í þágu hreppsins og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýsluvegasjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

5. gr.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur og um sýslusjóðsreikning.

Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs.

Afrit af sýsluvegasjóðsreikningnum ásamt áætlun skal oddviti senda vegamála-
stjóra að afstöðnum sýslufundi.

7. gr.

Undanskyldar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

Ráðherra er heimilt eftir tillögu sýslunefndar að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyðijarðir, ásamt húsum og lóðum á þeim.

8. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillag úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í gildandi lögum.

9. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sekt, allt að kr. 500.00, er renna í sýsluvegasjóð og fer um mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 37 23. maí 1959, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. marz 1961.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.